

Stefnumótun Vísinda- og tækniráðs

Verkefnaáætlun (uppfærð)

Dagsetning: 27.11.2019

Tilurð verkefnisins: Skv. lögum um Vísinda- og tækniráð setur ráðið stefnu til þriggja ára. Núverandi Stefna- og aðgerðaáætlun gildir út árið 2019.

Samfélagsmarkmið: Að ný stefna Vísinda - og tækniráðs endurspegli áherslur samfélagsins í vísindum - tækni og nýsköpun til næstu ára.

Verkefnismarkmið: Að stefnuskjal og aðgerðaáætlun sé í samræmi við þau gæði sem eigandi verkefnisins leggur upp með, hafi skýr og skilgreind markmið og aðgerðir sem eru kostnaðarmetnar og ábyrgðarsettar.

Lýsing verkefnis

Verkefnið felst í að undirbúa nýja stefnu Vísinda og tækniráðs sem tekur við af núverandi stefnu 2017-2019. Verkefninu var formlega hleypt af stað með fundi Vísinda - og tækniráðs 20. júní 2019 þar sem áherslur stjórn mála komu fram. Í framhaldi var unnið að hugmyndavinnu í starfsnefndum ráðsins, með samstarfshópi um málefni Vísinda- og tækniráðs og í samráði við skilgreinda hagsmunaaðila. Eldri stefnuskjöl eru höfð til hliðsjónar og árangur af aðgerðum.

Ábyrgð á framkvæmd aðgerða verður í höndum ábyrgðaraðila aðgerða.

Undirbúningur að stefnu var á dagskrá ráðsfunda í september og nóvember á þessu ári, sjá að öðru leyti verk- og tímaáætlun.

Auk eldri stefnuskjala og greininga sem unnar hafa verið fyrir ráðið á undanförunum árum sjá hér :

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/visindi-nyskopun-og-rannsoknir/visinda-og-taeknirad/utgefid-efni/> eru eftirfarandi gögn höfð til hliðsjónar:

- Stjórnarsáttmálinn
- Samantekt um opið samráð vegna skilgreiningar á samfélagslegum áskorunum sem kynnt var á fundi starfsnefnda Vísinda - og tækniráðs í

október 2018. Minnisblað um samfélagslegar áskoranir sem samþykkt var á fundi ráðsins 23. nóv. 2018.

- Skýrsla nefndar forsætisráðherra um Ísland og fjórðu iðnbyltinguna (febrúar 2019) <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=03be6340-3bfc-11e9-9436-005056bc4d74>
- Skýrslur norrænu ráðherranefndarinnar svo sem Kreutzer skýrslan frá 2018 um stuðningskerfi nýsköpunar og græns vaxtar á Norðurlöndum: <https://www.norden.org/en/publication/integrated-and-effective-nordic-ecosystem-innovation-and-green-growth>
- Nýsköpunarstefna fyrir Ísland sem unnin var á vegum ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=ae8c7637-eb68-11e9-944d-005056bc4d74>
- Skýrsla verkefnishóps forsætisráðherra um endurskoðun á lagaumhverfi Vísinda - og tækniráðs (kemur út í desember 2019)
- Grænbók um fjármögnun háskóla (kemur út í nóvember 2019)
- Úttekt Daða Más Kristóferssonar um framlag til rannsókna og nýsköpunar eftir landshlutum: <https://stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=31b33f60-e5d8-11e9-944d-005056bc4d74>
- Tillögur starfshóps um opin vísindi (birtar í nóvember 2019)
- Úttekt á skattalegu umhverfi rannsókna og nýsköpunar á Íslandi (verður tilbúin í nóvember 2019)
- Heilbrigðisstefna til ársins 2030. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=879dd726-9e80-11e9-9443-005056bc4d74>
- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=b1bda08c-b4f6-11e8-942c-005056bc4d74>
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Afurð verkefnisins

Stefnuskjal og aðgerðaáætlun 2020-2022. Í skjalinu verður að finna sýn fyrir vísindi, nýsköpun og tækni til næstu 5-10 ára. Enn fremur verður skoðað hvort skilgreindir verði mælikvarðar fyrir málaflokkinn.

Aðgerðaáætlun sýni kostnaðarmetnar og ábyrgðarsettar aðgerðir sem auðvelt er að fylgja eftir. Staða aðgerðaáætlunar verður sýnd reglulega á vef ráðsins á næstu árum.

Verkefnishópur

Verkefnið er unnið af vísindanefnd og tækninefnd í samstarfi við samstarfshóp um málefni Vísinda- og tækniráðs.

Verkefniseigandi: Forsætisráðuneyti fyrir hönd formanns Vísinda- og tækniráðs, Ásdís Jónsdóttir stýrir framkvæmd verkefnisins fyrir hönd formanns Vísinda- og tækniráðs

Bakhjarl: Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis

Þátttakendur: Vísindanefnd

Tækninefnd

Samstarfshópur um málefni Vísinda- og tækniráðs

Tímaáætlun

Maí 2019: Undirbúningur að stefnu rædd á fundum starfsnefnda í lok maí 2019.

Júní 2019: Verkefnið sett formlega af stað með umræðu um áherslur stjórnmalanna á fundi ráðsins 20. júní 2019.

Október 2019: 3. október 2019: ráðsfundur. Staða vinnunnar kynnt. Fundir í vísindanefnd og tækninefnd þar sem rætt var um drög að vinnuplani og lagt fram efni um stefnur sem til eru.

Október - janúar - Stefnumótunarvinna í starfsnefndum og stýrihópi

- Nefndarfundur 25. nóvember.

- Rætt um vinnuna framundan (næsti fundur í annarri viku desember)
- Rætt um efni úr fyrri stefnum sem eigi að vera áfram
- 3. desember: Hugarflugsfundur með báðum nefndum, samstarfshópi um málefni VTR auk gesta.
 - 2-3 klst.
 - Pétur Berg Matthíasson, forsætisráðuneyti stýrir vinnunni.
 - Gestir: lykilhagaðilar, þingmenn, almenningur?
 - Þátttakendur alls ca. 40-50.
 - Þátttakendum skipt á nokkur borð (skiptingin liggur fyrir fyrir fundinn). Borðstjóri ritar. Ein lykilsurning/viðfangsefni liggur fyrir á hverju borði.
- Desember: ÁJ tekur gögn úr hugarflugsfundi og vinnur úr því a) framtíðarsýn, b) meginmarkmið, c) lista yfir mögulegar aðgerðir (sem síðan verður forgangsraðað fækkað).
- Fundur VTR 5. desember: það sem komið er kynnt.
- Desember og janúar: Vísinda- og tækninefndir fjalla um niðurstöður, endanlegur listi aðgerða verður til í samráði við samstarfshóp um málefni Vísinda- og tækniráðs. Aðgerðir gróflega kostnaðarmetnar. ÁJ í samtali við önnur ráðuneyti (Samstarfshóp um málefni VTR) og forsætisráðherra við forgangsröðun verkefna til að tryggja að þau sem valin eru fyrir aðgerðaáætlun séu samþykkt af viðeigandi ráðherrum og að fjármagn sé til staðar.
 - Aðgerðalisti ákveðinn í síðasta lagi á fundi 22. Janúar eftir e.t.v einn fund í desember (9.12 eða 16.12?)
 - Fundur 8.1 og 22.1
 - Minni hópar leysi úr einhverjum atriðum á milli.
- Janúar: Unnið að því að þússa málfar og efni. Samráð um drögin og kynning stefnunnar skipulögð. Endanleg drög liggja fyrir. Drög samþykkt í nefndum.
- Febrúar 2020: Drög lögð fyrir fund Vísinda- og tækniráðs. Miðlun stefnunnar.
- Janúar-mars: miðlun stefnuskjala

Kostnaður

Þýðing

kr. 300.000

Framsetning efnis á vef kr. 500.000

Miðlun stefnu, gerð kynningarefnis o.fl. kr. 100.000

Ráðgjafastörf, áætlun liggur ekki fyrir

Samtals: kr. 900.000